

## Ljáðu okkur eyra, segja hin úkraínsku Diana Panchenko og Andriy Derkach

Diana er blaðamaður í Úkraínu. Þrátt fyrir bönn og ofsóknir af hálfu glæpræðisstjórnar lýðræðisjetju Íslendinga, hinum umboðslausa Volodymyr Zelensky, hefur hún og félagar haldið áfram rannsóknum á spillingu og þjóðlífi í Úkraínu. Þeim reiknast til, að peningastuldurinn nemi 60 milljörðum Bandaríkjadala.

Andryi er þingmaður og hefur átt sæti í nefndum, sem rannsaka fjárreiðuspillingu. Hann hefur m.a. upplýst um sérstakan sjóð utan fjárlaga til að fjármagna hryðjuverk á erlendri grundu og varpar frekara ljósi á spillingu Biden fjölskyldunnar (Burisma hneykslið).

Jospeh Biden hefur, hvað eftir annað, hlutast til um stjórnmal í Úkraínu. Frá 2014, þegar stjórninni var steipt af stóli af vestrænum lýðræðisríkjum undir forystu Bandaríkjamanna og Breta, hefur enginn stjórnmalamaður í Úkraínu verið óháður.

Mig hreinlega sundlaði við að hlýða á greinargerðir þeirra um stuld á skattfé, sem Þórdís Kolbrún tók úr vösum okkar og sendi í austurveg.

Tal um frið og friðaraðstoð hefur verið siðferðilegt klám frá því að þetta svívirðilega stríð hófst. Enn vilja stríðsæsingaöfl á Íslandi og á Vesturlöndum öðrum láta karlpeninginn berast á banaspjótum í Úkraínu og Rússlandi.

Heilli kynslóð ungra karla hefur verið útrýmt í Úkraínu, fórnað á altari stríðsódra auðkýfinga og aumkunarverðra stjórnmalamanna.

Kynlífsiðnaðarkóngurinn, Vitaliy Klitchko, sætir einnig rannsókn af hálfu téðs blaðamannahóps. Hann ku stjórna útflutningi á stúlkum til Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Þar að auki stjórnar hann hundruðum nektarskemmtistaða og skækjuhúsa. Eiturlyfjasala er aukabúgrein.

Regnbogavalkyrjurnar ætla enn að höggva í sama hnérunn, þrátt fyrir heitstrengingar um að fara að alþjóðalögum. Þau bjóða að stuðla skuli að friði. Það gerir reyndar Nató samningurinn einnig.

En valkyrjurnar þurfa þá að gera gangskör, því Rússar nálgast Kænugarð. Stríð spillingar- og stríðsæsingafólks á Vesturlöndum er gjörtapað. (Til allrar hamingju eiga stöðugt fleiri úkraínskir karlar fótum fjör að launa, segja upp í sláturhúsinu.)

Það eru ekki allir svo heppnir. Því miður er líkum úkraínskum hermanna stungið í poka og send heim til fjölskyldnanna, eiginkvenna og barna. Sömu örlög hljóta rússneskir karlar, franskir, bandarískir, pólskir, sænskir og breskir. Á meðan hrapar efnahagur, virðing og siðferði Vesturlanda. Stjórnámálamenn þeirra eru ómerkingar orða sinna.

Friðarlíkur í bráð eru óraunhæfar, dauðvona Nató ógnar enn með annarri innrás í Rússland eða Hvíta-Rússland, Íran (í samvinnu við Ísrael) og Kína. Það yrði trúlega „síðasta heimstyrjöldin,“ svo notuð séu orð hernaðarsérfræðingsins, William Schryver.

Hversu há verða verðlaun íslenskra skattgreiðenda til glæpagengisins í Úkraínu á þessu ári? Ætli forseti Íslands og utanríkisráðherra smelli viðurkenningarkossi á lýðræðislega valdaránsforsetann, Volodymyr Zelensky, í ár? Hvenær ætli honum verði boðið að ávarpa Alþingi Íslendinga aftur og reka sjálfri Fjallkonunni koss?

<https://21stcenturywire.com/2024/05/02/the-roots-of-u-s-corruption-in-ukraine-interview-with-andriy-derkach/>

<https://21stcenturywire.com/2024/01/17/derkach-interview-new-documents-connect-biden-corruption-and-burisma-scandal-ukraine/>

<https://www.youtube.com/watch?v=3VU7gKrmnpg>

<https://21stcenturywire.com/2025/01/02/peace-through-strength-a-gateway-to-war/>

<https://www.moonofalabama.org/2025/01/ukraine-sitrep.html#more>

<https://www.youtube.com/watch?v=t5RKi8cgEj0>

[https://unherd.com/2025/01/why-trump-wont-end-the-war-in-ukraine/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://unherd.com/2025/01/why-trump-wont-end-the-war-in-ukraine/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://kyivindependent.com/old-guard-pushback-continues-to-haunt-ukraines-arms-procurement-cleanup/>

<https://www.politico.eu/article/ukraines-defense-problems-warfront-corruption-poland-defense-production-dpa-weapons/>

<https://www.france24.com/en/europe/20240128-ukraine-uncovers-40-million-embezzlement-corruption-bogus-arms-deal-defence-officials>

<https://thehill.com/opinion/international/5060257-zelensky-ukraine-corruption-waste/>

<https://steigan.no/2024/12/tretten-rolls-roycer-vesten-er-forferdet-over-korrupsjonen-i-ukraina/>

[https://x.com/Panchenko\\_X/status/1845912862385922548](https://x.com/Panchenko_X/status/1845912862385922548)

[https://x.com/Panchenko\\_X/status/1807853700830085592?ref\\_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1807853700830085592%7Ctwgr%5Ec4672a657a3195b1ef4e8a3e5170276d8e484d89%7Ctwcon%5Es1\\_&ref\\_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2025%2F01%2Fthe-hill-hold-ukraina-ansvarlig-for-korrupsjonen%2F](https://x.com/Panchenko_X/status/1807853700830085592?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1807853700830085592%7Ctwgr%5Ec4672a657a3195b1ef4e8a3e5170276d8e484d89%7Ctwcon%5Es1_&ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2025%2F01%2Fthe-hill-hold-ukraina-ansvarlig-for-korrupsjonen%2F)

[https://imetatronink.substack.com/p/welcome-to-the-last-world-war?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1085164&post\\_id=153945271&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://imetatronink.substack.com/p/welcome-to-the-last-world-war?utm_source=post-email-title&publication_id=1085164&post_id=153945271&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)